



Nefndasvið Alþingis
Austrustræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/916
komudagur 11.12.2007


Seltjarnarnesi, 6. desember 2007
2007110241/91/ABA/aba

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Landlæknisembættið telur að breytingatillögur sem fram koma í frumvarpi muni mæta betur þörfum foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna með því að tryggja að röskun á tekjuinnkomu heimilinna verði sem minnst og dragi jafnframt úr hættunni á að foreldrar njá sjálfir þrói með sér sjúkdóma. Ánægjuleg breyting er að foreldrar sem ekki hafa getað tekið þátt á vinnumarkaði vegna veikinda eða fötlunar barns sín geti átt rétt á greiðslum án tillits til þess hvenær barn var greint. Einnig að foreldrar sem ekki eru virkir á vinnumarkaði þegar börn þeirra greinast með langvinna sjúkdóma eða alvarlega fatlanir geti átt rétt á greiðslum.

Þá er Landlæknisembættið sammála mikilvægi þess að skoða einnig á hvern hátt má bæta og efla stuðningskerfi þessara barna með frekari breytingum á lögnum. Það er líka ánægjulegt að endurskoða ummönunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Virðingarfyllst,


Anna Björg Aradóttir
yfirhjúkrunarfræðingur